

# Sveinn Björnsson

Þessa dagana stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Sveins Björnssonar, listmálara frá Hafnarfirði, eða nánar til tekið frá 2.-23. ágúst, en þriheilagt er nú á staðnum, þ.e. að þrjár sýningar eru þar í einu. Minnst ég þess ekki að svo margar einkasýningar hafi verið haldnar þar samtímis áður.

Sveinn Björnsson er án efa einn mikilvirkasti málari okkar um þessar mundir, virðist óþreytandi við myndsköpun en hann hefur vinnustofu í Krýsuvík, þar sem vindarnir æða og regnið grætur og gufan brýst út úr jörðinni með miklum gný og björgin titra.

Í þessu hamslausa umhverfi verða myndir hans til, á jörð, sem virðist geta sprungið þá og þegar.

## Sveinn Björnsson

Sveinn Björnsson hefur löngum farið sínar eigin leiðir í myndlistinni, ótamin og villtur bæði í lit og formi. Myndir hans eru oft óhugnanlegar, ljótar eins og svöðusár á myndfleti, en í þeim er samt oftast einhver undarlegur kraftur, eins og í svörtum fjöllum í Krisuvík og sú ógn er undir býr. Nei, Sveinn Björnsson tekur myndlistina engum vettlingatökum, og ef til vill liggja tófrar hans einmitt þarna, að vera einfari, öngvum líkur.

Sveinn Björnsson hefur unnið hörðum höndum að sinni list um ævina, stundað hana með sjósókn og annarri erfidisvinnu, og það var ekki fyrr en á miðjum aldri að honum tókst að komast á listaskóla erlendis. Hann hefur því alla tíð barist hart fyrir tilveru sinni og þeim munandi, að fá að mála þessar drungalegu kröftugu myndir, og einnig þess vegna tókum við þeim með sérstökum hætti.

Hér áður fyrr á árunum hlaut

list Sveins Björnssonar ekki mikla náð, hvorki fyrir augum almennings eða þeirra er rita í blöðin um myndir, það væri synd að segja. En smám saman

**Jónas Guðmundsson:**

**Myndlist**

hefur honum tekist að hasla sér völl og vinna sér álit. Eg veit ekki hvort myndir hans hafa mildast eða hvort við höfum látið undan þessum ofsa. Allavega þá kann undirritaður nú vel að meta þessi háværú verk, og það er þó síður en svo nokkur lognmolla yfir sýningu hans á Kjarvalsstöðum nú.

## Einstakar myndir

A sýningu Sveins Björnssonar eru að þessu sinni 85 verk, sam-

kvæmt skrá. Flest olíumálverk og það er engum vafa undirorpið, að þetta er langsterkasta sýning málarans til þessa, af þeim er ég hefi séð. Þarna er að finna margvislegustu viðfangsefni, og mörg eru nú tengd hinum nýja vinnustað og sambúðinni við jörðina, sem er að springa, eða Krýsuvík. Við Kleifarvatn, Kleifarvatnskrímslið og nokkrar fleiri.

Það er ördugt að útskýra málverk á prenti. Enda varla unnt að ætlast til þess. Þó verður varla annað séð, en að með einhverjum hætti nái málarinn nú betri samstillingu milli tilfinninga sinna og málverksins en áður. Vil ég nefna myndir eins og Litla flugan mín, Þjóðareign, Ahrif orlaganornarinnar, Veröld sem var og ef til vill mætti nefna fleiri er þúa yfir einhverjum nýjum eiginleikum, er virðast svo hugstæðir.


Þetta er hressileg, áhugaverð sýning, er listunendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara.



## Enn heldur FAHR forystunni

**FAHR**

Nýjar endurbættar stjórnungavélar: nýjar vinnslubreiddir aukin afköst



**PÖRF ARMÚLA 11**

## Útboð - Jarðvinna

Tilboð óskast í að grafa grunn og leggja holræsi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Reykjavík.

Útboðsgögn eru afhent á Teiknistofunni Óðinstorgi, Óðinsgötu 7, Reykjavík gegn 30 þús. kr. skilnatryggingu.

Tilboð verða opnuð 19. ágúst n.k.

## Við þökkum

þér innilega fyrir hugulemina að stöðva við gangbrautina

**UMFERÐAR RÁÐ**



Barnaleiktæki  
Íþróttatæki  
Þvottasnúrugrindur  
Vélaverkstæði

**BERNHARDS HANNESSONAR**  
Suðurlandsbraut 12. Sími 35810



## Tilkynning til launaskattsgreiðenda

Athygli launaskattsgreiðenda skal vakin á því, að 25% dráttarvextir falla á launaskatt fyrir 2. ársfjórðung 1980 sé hann ekki greiddur í síðasta lagi 15. ágúst.

Fjármálaráðuneytið.



## Tilkynning til söluskattsgreiðenda

Athygli söluskattsgreiðenda skal vakin á því, að gjalddagi söluskatts fyrir júlí mánuð er 15. ágúst. Ber þá að skila skattinum til innheimtumanna ríkissjóðs ásamt sölu-skattsskýrslu í þriti.

Fjármálaráðuneytið 5. ágúst 1980



**SÍLSALISTAR**



**BLIKKVER**

Skeljabrekka 4 - 200 Kópavogur - Sími: 44040.



**BLIKKVER  
SELFOSSI**

Hrísmýri 2A - 802 Selfoss - Sími: 99-2040.